

Stjórnarfundur FHB
haldinn í Bændahöllinni mánudaginn 11. júlí 2011

Mætt voru: Kristinn Guðnason formaður, Sigbjörn Björnsson varaformaður, Eyþór Einarsson gjaldkeri, Ólafur Einarsson meðstjórnandi og Magnús Jósefsson ritari, auk Huldu G. Geirsdóttur framkvæmdastjóra sem ritar fundargerð.

Kristinn Guðnason formaður setti fund og bauð fundargesti velkomna.

Umræða um **stöðu markaðsmála** var aðalefni fundarins. Pungt er í mönnum vegna lítillar sölu. Hulda sagðist hafa farið víða við dómstörf í vor og sumar og alls staðar er sama hljóðið í mönnum. Staðreyndin er sú að kreppan er ekki bara landlæg heldur nær hún úr fyrir landsteinana og lúxusvarningur á við hross er ekki það sem fólk er að kaupa á samdráttar tímum.

Fundarmenn ræddu um leiðir og hugmyndir til að takast á við þessa stöðu. Meðal annars rætt um að boða til vinnufundar eða „brainstorming“ fundar. Boða fólk til fundarins úr ýmsum áttum, ræða leiðir og taka niður hugmyndir. Leggja áherslu á að fá að borðinu fólk sem jafnvel stendur utan greinarinnar, úr menningar- og ferðageira t.d. Ýmis nöfn sett á blað í því samhengi. Hugsanleg tímasetning í sept.-okt. þarf þó að finna tíma sem hentar inn á milli anna við göngur og réttir. Huldu falið að vinna málið áfram.

Almennar umræður um markaðsmál. Stefna félagsins er og hefur verið að standa að almennri kynningu og styðja við bakið á þeim sem á markaðnum starfa. Munum halda því áfram. Meðal annars var nýlega gengið frá franskri útgáfu á kynningarbæklingum FHB í samvinnu við frönsku Íslandshestasamtökin. Að auki mun FHB taka þátt í Hestatorginu á HM og dreifa þar nýju kynningarefni. Nýr vefur með „rafrænum reiðtúrum“ er einnig liður í þessari vinnu ásamt virkjun samfélagsvefja.

Hulda benti einnig á að mikil áhersla hefur verið lögð á að þjónusta erlenda blaða- og fjölmiðlamenn enda skilar sú umfjöllun sér margfalt til baka.

Mikilvægt að halda kynningarstarfinu áfram í þessum mótbyr, sækja hestasýningar og mót og koma íslenskri hrossarækt á framfæri.

Einnig að leggja aukna rækt við hestatengda ferðaþjónustu t.d. með samstarfi við Bændaferðir.

Rætt um LM. Allir sammála um að mótið sé orðið of langt og umfangsmikið. Rætt um að koma með tillögur að breytingum. Stjórnarmenn hugsu þáð mál áfram og setji niður hugmyndir til framkvæmdaáðila og fagráðs.

Jarðarlög, breytingar. Kristinn hefur verið að fylgjast með því máli og mun gera áfram.

Eyþór Einarsson kynnti erindi frá Eiðfaxa í framhaldi af kynningu Ólafs H. Einarssonar á formannafundi. Las póst frá Ólafi og mun vera tengiliður við verkefnið áfram.

Fleira ekki gert og fundi slitið um kl. 18.

HGG/hgg